

Góðan dag,

Mig langaði að koma með mína skoðun á þessu. Mér finnst þetta mjög mikilvægt. Ég sjálf er 33 ára en bjó 20 ár á Spáni. Kom fyrir 6 árum til Íslands með spænska manninn minn. Mér fanst mjög erfitt að finna út úr öllu, ný komin til Íslands. Núna er ég einn af stjórnendum "Espanoles en Islandia", hópur sem er á facebook, þar sem er yfir 4.600 mans. Þetta eru spænskumælandi einstaklingar, sumir búa á Íslandi, öðrum langar að flytja til Íslands, og svo framvegis. Þar koma upp alskonar spurningar um hvernig skrái ég mig hjá heilsugæslunni, hvar get ég fengið kennitölu, skilja ekki launaseðlana, vita ekki hvert þau eiga fara ef kemur einhvað neiðartillfelli og svo framvegis.

Hef verið í stjórn hjá HOLA spænskumælandi félag á Íslandi. Vörum líka að aðstoða fólk á ýmsum vegum. Hef til dæmis farið með foreldrum í viðtal í skóla, að hjálpa þeim að skrá börnin. Hef verið að túlka fyrir spænskumælandi einstaklinga hjá Jafnréttishúsinu í Hafnafyrði, til dæmis hjá Barnavernd í Kópovogi, í Akrananesi og svo framvegis

Ég var að vinna hjá Útlendingastofnun fyrir mánuði síðan. Vann þar í afgreiðslunni í eitt ár. Mér fannst mjög gaman að vinna þar. Getur verið mjög erfitt og krefjandi líka. En mér fanst það mjög áhugavert, lærði alltaf einhvað nýtt og gat hjálpað fólki með því að tala spænsku eða ensku og leiðbeina þeim rétt. Það lét mig líða vel.

Það er rosa mikilvægt að innflytjendur fái réttar upplýsingar, flestir vita ekki hverjir eru réttirnir þeirra. Það er mikil óvissa og erfitt að byrja nýtt líf. Það er margt sem er hægt að bæta og það væri hægt með því að stofna ráðgjafarstöð sem ég væri gjarnan til í að taka þátt í.

Bestu kveðjur,

Halldís Eva Águstsdóttir